


Lækkun á umferðarhraða í Garðabæ

MINNISBLAÐ

Almennt

Umferðarhraði í Garðabæ er þannig að húsagötur og flestar safngötur eru með hámarkshraða 30 km/klst. Tengibrautir eru með 50 m/klst og stofnbrautir þar sem Vegagerðin er veghaldari eru með meiri hraða.



Mynd 1 kort af helstu götum og vegum í Garðabæ með upplýsingum um leyfðan hámarkshraða.

Aðgerðir

Unnið hefur verið að hraðatakmarkandi aðgerðum víðs vegar í Garðabæ á undanförunum árum, bæði fyrir og eftir að umrædd tillaga bæjarstjórnar var samþykkt í febrúar 2023.

Tillagan hljóðaði svo:

„Bæjarstjórn samþykkir að fela umhverfissviði að útfæra aðgerðir til lækkunar aksturshraða á sem flestum vegum innan Garðabæjar þar sem nú er 50 km hámarkshraði, t.d. með lækkun hámarkshraða og öðrum hraðatakmarkandi aðgerðum.“

Mikið af hraðahindrunum og þrengingum hefur verið komið upp og sérstaklega í kringum skóla og á gönguleiðum skólabarna en mikilvægt er að tryggja lágan hraða á þverunarstöðum og þá eru hraðatakmarkandi aðgerðir áhrifaríkari en einungis skilti.

Gott dæmi um götur með 30 km hámarshraða þar sem hámarkshraði var lítið virtur er Urriðaholtsstræti, en þar voru upphækkunarir settar á öll gatnamót og lækkaði við það umferðarhraða til muna. Fleiri dæmi eru Hofstaðabraut, Akraðbraut, Stórás og Ásabraut, þar sem settar hafa verið hraðahindranir undanfarið ár, með sýnilegum árangri.

Reynsla erlendis sýnir að lækkun hámarkshraða með skilti einungis lækkar raunhraða að meðaltali um 5% sem getur fækkað alvarlega slösuðum og látnum um 10%. Hraðatakmarkandi aðgerðir geta hins vegar fækkað þeim um 30%. Samþætting beggja aðgerða er því mikilvæg til ná árangri um bætt umferðaröryggi.

Í öllum húsagötum og flestum safngötum í Garðabæ er hámarkshraði 30 km/klst. Verið er að skoða í samstarfi við umferðarráðgjafa hvar ráðlegt væri að lækka umferðarhraða á tengibrautum sem eru með hámarkshraða 50 km/klst. Þær götur sem falla undir þá skoðun eru Norður- og Suðurnesvegur, Bæjarbraut, Karlabraut, Vetrarbraut og Hnoðrahóltsbraut. Til að lækkun á hraða hafi tilætluð áhrif þarf upplifun ökumanna að vera í samræmi við hraðaskiltið og felst því í skoðuninni að meta til hvaða aðgerða þarf að grípa til viðbótar við lækkun hámarkshraða.

Markmiðið í ofangreindri vinnu er að lækka hraða en þá er mikilvægt að undirbúa jarðveginn vel og taka ígrundaðar ákvarðanir um hvar eigi að lækka hraða því hraði í götunum verður að endurspegla karakter götunnar og samspil umferðar.

Stofnvegir eru í veghaldi hjá Vegagerðinni og því er ekki verið að skoða þá vegi.